

---

## 217. Guðlaugur Þór Þórðarson (Replik)

Ef við berum gæfu til þess, þjóðir Evrópu, að ganga þannig frá samningum við Breta að þeir séu uppbyggilegir og við séum að lágmarka t.d. þá hættu sem gæti orðið varðandi viðskiptaröskun þá á okkur að farnast vel. Sum lönd í þessum sal eru í NATO, svo að dæmi sé tekið, önnur ekki. Sum eru í Schengen, önnur ekki. Sum eru á evrusvæðinu, önnur ekki. Þannig er Evrópa. Það sem maður finnur, og ég hef fundið í mínu starfi, er að það sem sameinar okkur, burtséð það sem okkur finnst um einstaka stjórnámálamenn í einstökum löndum og einstaka flokka o.s.frv., og hvernig kosningar fara, eru þau gildi sem okkur finnst vera sjálfsögð, það eru þau sem sameina okkur. Við þurfum virkilega að halda utan um þau núna. Þau gildi eru t.d. það sem kemur fram hér í dag, að við getum skipst á skoðunum með lýðræðislegum hætti og virðum skoðanir hvert annars. Við erum í minni hluta í heiminum, að vera í þessari stöðu. Öll þau lönd sem þú nefnir eiga það sameiginlegt að vera með þessi gildi og við eigum að halda vel utan um þau og vera uppbyggileg þegar verið er að hugsa um samstarf í nánustu og fjærstu framtíð, sérstaklega gagnvart nágrönnum okkar.

### Skandinavisk översättning

Om vi som bor i Europa lyckas med att ingå avtal med Storbritannien som är konstruktiva och som garanterar att vi minimerar riskerna när det gäller t.ex. snedvridning av handel, då borde vi kunna hitta en bra väg framåt. En del av de länder som är representerade här i salen är medlemmar i NATO, andra inte. En del ingår i Schengen, andra inte. En del tillhör euroområdet, andra inte. Det är så Europa ser ut. Känslan man får, och som jag har fått i

---

mitt arbete, är att det som förenar oss, bortsett från vad vi tycker om vissa politiker i vissa länder och om vissa partier o.s.v., och vilka valresultat vi ser, är de värderingar vi anser som självklara; det är de som förenar oss. Vi behöver verkligen hålla fast vid dessa värderingar just nu. Det handlar bl.a. om det som vi debatterar här i dag, att vi kan utväxla synpunkter på ett demokratiskt sätt och att vi respekterar varandras åsikter. Vi tillhör en minoritet i världen, vi som åtnjuter dessa fördelar. Gemensamt för alla länder som du nämner är att de delar dessa värderingar och vi måste slå vakt om dem och tänka i konstruktiva banor när det gäller samarbete både i den snaraste och den avlägsnaste framtid, speciellt gentemot våra grannländer.

## Information

Talnummer

217

Type

Replik

Person

[Guðlaugur Þór Þórðarson](#)

Talerrolle

Islands udenrigsminister

Dato

30.10.19 14:42

Sag

[Udenrigsministrenes redegørelse 2019 \(Dokument 13/2019\)](#)